

Alþingi
Erindi nr. P 135/188
komudagur 14.11.2007



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Allsherjarnefnd Alþingis
Selma Hafliðadóttir
nefndarritari
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. nóvember 2007
Tilvisun: 2007100013
Bréfalykill: 50.13
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Orkustofnun hefur borist erindi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 22. október 2007, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands.

Í athugasemd með 32.-33. gr. frv. er gert ráð fyrir að "starfsemi vatnamælinga verði vistuð hjá Orkustofnun" þar til sameining Veðurstofu Íslands og vatnamælinga Orkustofnunar verður lokið, eigi síðar en 1. janúar 2009.

Orkustofnun telur ekki nægilega skýrt hvað felst á því að starfsemin verði vistuð hjá Orkustofnun og leggur áherslu á mikilvægi þess að formlega verði gengið frá málum er varða starfsmenn og forræði á rekstri, en gert er ráð fyrir að um flutning starfa verði að ræða. Orkustofnun telur mikilvægt að tímanlega verði gengið frá málum, svo ekki skapist óvissa um réttarstöðu starfsmanna og önnur atriði er varða flutning á rekstri vatnamælinga frá Orkustofnun til umhverfisráðuneytis um næstu áramót.

Virðingarfyllt

Elin Smáradóttir